

**AUGLÝSING**  
**um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir**  
**innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012.**

Hinn 14. október 2011 var undirritað í London samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012. Alþingi hafði hinn 11. maí 2012, með þingsályktun nr. 20/140 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2012.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utarríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMKOMULAG**  
**milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins**  
**um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012.**

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2012, sem undirrituð var í dag af Evrópusambandinu, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2012 allt að 3.588 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands. Veiðarnar skulu fara fram utan línu sem dregin er milli eftirtalinna punkta:

- A. 64°00'N – 09°00'V
- B. 67°00'N – 09°00'V
- C. 69°25'N – 13°00'V

Aðilar komu sér saman um að skoða möguleika á því að gera breytingu á framangreindri veiðiheimild á 12. fundi sameiginlegrar fiskveiðinefndar Rússlands og Íslands sem haldinn verður í Moskvu 2. og 3. nóvember 2011.

2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 14. október 2011.

Fyrir hönd sendinefndar  
Íslands:

Kristján Freyr Helgason

Fyrir hönd sendinefndar  
Rússneska sambandsríkisins:

Anna Shulayeva

**ARRANGEMENT**  
**between Iceland and the Russian Federation**  
**on Access to the Icelandic Exclusive**  
**Economic Zone in 2012**

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between the European Union, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2012, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2012 to take up to 3,588 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone. The fishery shall take place outside a line drawn between the following points:
  - A. 64°00'N – 09°00'W
  - B. 67°00'N – 09°00'W
  - C. 69°25'N – 13°00'W

During the 12th Session of the Joint Russian-Icelandic Fisheries Commission, to be held in Moscow on 2 and 3 November 2011, the Parties agreed to review the possibility of changing the granted access outlined in this paragraph.

2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 14 October 2011

For the Delegation of  
Iceland

Kristján Freyr HELGASON

For the Delegation of  
the Russian Federation

Anna SHULAYEVA